


Sáttamiðlun geranda og þolanda í opinberum málum

Breytingar á meðferð mála með
tilkomu sáttamiðlunar



Fyrirmæli Ríkissaksóknara



- Með bréfi dómsmálaráðherra, dagsett 17. maí 2006, var ríkissaksóknara falið að útfæra einstaka þætti tilraunaverkefnis um sáttamiðlun í sakamálum.

Hvað er sáttamiðlun skilgreining



- Sáttamiðlun er valkvæð og trúnaðarbundin aðferð sem fæst við ágreiningsmál. Þar er skipulögðu ferli beitt af einum eða fleirum hlutlausum sáttamönnum. Þeir aðstoða málsaðila við að ræða saman og komast að samkomulagi um málalok sem allir eru sáttir við. Sáttamaðurinn, hinn hlutlausu þriðji maður, tekur engar ákvarðanir í málinu.

Geranda/Polanda sáttamiðlun

Skilgreining



- Í G/Þ sáttamiðlun fær polandinn tækifæri til að hitta gerandann í öruggum aðstæðum. Sáttamaður getur ekki verið fullkomlega hlutlaus en leitast við að vera sanngjarn og réttlátur. Markmiðið er að fólk ræði sjálfboðið saman, grædi sárin og að gerandi axli ábyrgð og bæti fyrir skaðann. Málsaðilar mega leiða málið til lykta með sáttasamningi. Sáttamaðurinn tekur engar ákvarðanir í málinu. Byggt er á hugmyndafræði UPPBYGGILEGRAR RÉTTVÍSI.

Uppbyggileg réttvísi

Skilgreining á hugmyndafræði



- Uppbyggileg réttvísi er ferli þar sem allir þeir sem hafa hagsmuna að gæta og orðið hafa fyrir áhrifum af völdum afbrots ræða saman. Í sameiningu skilgreina þeir hver skaði, þáfir, ábyrgð og skildur málsaðila er í þeim tilgangi að græða sárin, draga úr vanlíðan og koma öllu aftur, eins og hægt er, í rétt horf (put things right). Reynt er eftir fremsta megni að bæta fyrir skaðann. Leitast er við að ná sáttum í kjölfar brots, aðallega með geranda og þolanda, en jafnframt í víðara samfélagslegu samhengi; ættingjum, vinum, vitnum, skóla, lögreglu, meðferðaraðilum, óbeinum þolendum í nærsamfélaginu o.s.frv.

Uppbyggileg réttvísi

Markmið



- Setja lykil ákvarðanir í hendur málsaðila
- Réttlætið á að vera meira græðandi og andlega ummyndandi (transformative).
- Draga úr líkum á frekari afbrotum/óæskilegri hegðun
 - Til að ná þessum markmiðum þarf þolandi að vera hluti af ferlinu og vera ánægður með lyktir máls.
 - Gerandi þarf að skilja hvernig hegðun hans hafði áhrif á aðra og axla ábyrgð á sinni hegðun.
 - Lyktir máls þurfa að fela í sér að skaðinn sé bættur og að tekið sé á ástæðum afbrotsins (áætlun útbúin sem sniðin er að þörfum þolenda og gerenda).
 - Og að lokum, að G/Þ séu sátt við málalok og að báðir aðilar séu leiddir aftur inn í samfélagið.

G/Þ sáttamiðlun – UR

Tilgangur



- Kjarni aðferðarinnar er að bæta eða leiðrétta skaðann (put things right) eins og mögulegt er.
- Draga sem mest úr áhrifum og afleiðingum skaðans. Losa fólk undan vanlíðan.
- Fullnægja þörfum fólks eins vel, sanngjarnt og réttlátt þykir og mögulegt er. Þolendur í fyrsta sæti.
- Skilja rangindi, upplifi skömm, iðrist, biðjist afsökunar, axli ábyrgð = Setji sig í spor annarra, fyrirgefi, náði, sættist.
- Byggja fólk upp og leiða fólk aftur inn í samfélagið.
- Stuðla að almennu heilbrigði alls samfélagsins. Draga úr líkum á frekari afbrotum. Varnaðaráhrif, uppeldisáhrif, mannþætandi.

Uppbyggileg réttvísi

Gagnrýni á hefðbundið réttarkerfi



- Afbrot – skaði – þarfir = kalla á viðbrögð.
- Viðbrögðin eiga að; Koma í veg fyrir-bæta fyrir-koma til móts við.
- Hver varð fyrir skaðanum og hvernig getum við bætt honum upp skaðann, ekki hver framdi brotið og hvernig á að refsa honum.
- Afbrot eru fyrst og fremst það að fólk brýtur á öðru fólki en ekki brot á lögum og reglum.
- Ríkið (ákærvaldið) og sérfræðingar (verjandur) stela glæpnum af fólki; forræðið, mótherjar, klekkja, segja ósatt, sigra/tapa, að lokum niðurstaða en ekki sátt. „*Betri er mögur sátt en digur dómur.*”

Fyrirmæli Ríkissaksóknara

Þáttur ákæranda í sáttamiðlun



Ákærandi (lögreglustjóri eða löglærður starfsmaður hans) kannar hvort sakarefni og umbúnaður máls uppfylli skilyrði til að vísa megi máli til sáttamiðlunar.

Sakarefni; Ákærandi getur vísað málum vegna eftirgreindra brota til sáttamiðlunar að öðrum skilyrðum uppfylltum:

- Þjófnaður (224. gr. alm. hgl.)
- Gripdeildir (245. gr. alm. hgl.)
- Húsbrot (231. gr. alm. hgl.)
- Hótunar (233. gr. alm. hgl.)
- Eignaspjalla (257. gr. alm. hgl.)
- Minniháttar líkamsárásar (217. gr. alm. hgl.)
- Nytjastuldar (259. gr. alm. hgl.)
- Minniháttar brots gegn valdstjórninni (106. gr. alm. hgl.). Ákvörðun til að vísa máli vegna 106. gr. alm. hgl. er tekin hjá ríkissaksóknara.

Fyrirmæli Ríkissaksóknara

Önnur skilyrði þess að mál verði vísað til sáttamiðlunar



Ákærandi má vísa máli til sáttamiðlunar ef;

- A) málinu yrði annars lokið með skilorðsbundinni ákærufrestun eða
- B) ef ætla má að refsing við brotinu fari ekki fram úr sektum eða skilorðsbundnu fangelsi.

Máli verður aðeins vísað til sáttamiðlunar;

- AA) ef gerandi hefur játað brot sitt, að málið sé talið upplýst og
- AB) þegar G/Þ hafa samþykkt að taka þátt.

Fyrirmæli Ríkissaksóknara skilyrði sáttamiðlunar



- Tiltekið aldurshámark geranda er ekki gert að skilyrði.

Lok sáttamiðlunar;

- Sáttamaður tilkynnir ákæranda um málalok.
- Ef sættir takast skal gera um það skriflegt samkomulag. Ákæranda mun þá vera gert að falla frá saksókn á grundvelli f. liðar 2. mgr. 113. gr. laga um oml.
- Takist sættir ekki ber sáttamanni að endursenda ákæranda málið.

Fyrirmæli Ríkissaksóknara skilyrði sáttamiðlunar



Tímamörk;

- Ákvörðun ákæranda skal liggja fyrir eigi síðar en 10 dögum eftir að mál berst lögreglu.
- Sáttamaður skal ljúka meðferð máls innan þriggja vikna frá þeim tíma.
- Að fenginni tilkynningu um efndir samkomulags skal ákærandi ljúka máli tafarlaust og tilkynna um málalok samkvæmt 114. gr. laga um oml.
- Hafi tilkynning um lok sáttameðferðar ekki borist ákæranda innan fjögurra vikna frá því máli var vísað til sáttameðferðar ber ákæranda að taka málið til viðeigandi afgreiðslu samkvæmt oml. og tilkynna það sáttamanni.